

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

599. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 18. maí 2009 kl. 13:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við íþróttá- og tómstundafulltrúa, Svein Benónýsson og skólastjóra grunnskóla Húnaþings vestra Sigurð Þór Ágústsson.
2. Viðræður við Odd Gíslason félagsmálastjóra.
3. Bréf frá Lóu Dís Másdóttur, umsókn um styrk.
4. Bréf Sýslumannsins dags. 7. maí s.l. Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði.
5. Bréf Sýslumannsins dags. 7. maí s.l. Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði.
6. Bréf Sýslumannsins dags. 7. maí s.l. Umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði.
7. Umsóknir frá félögum og félagasamtökum um styrk til greiðslu fasteignaskatts árið 2009.

Afgreiðslur:

1. Sveinn Benónýsson íþróttá- og tómstundafulltrúi og Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Ræddar hugmyndir til hagræðingar með samnýtingu starfsmanns. Sigurður Þór vék af fundi. Sveinn ræddi um flutning félagsmiðstöðvar yfir í félagsheimilið og viðhald knattspyrnuvallar.
2. Oddur Gíslason, félagsmálastjóri er mættur á fundinn til að kynna fyrirhugaða ráðningu Ástu Þorsteinsdóttur í starf þroskajálfa/ráðgjafa hjá félagsþjónustunni. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst n.k.
3. Lagt fram bréf frá Lóu Dís Másdóttur dags. 8. maí 2009, þar sem hún óskar eftir fjárstyrk vegna þátttöku sinnar í unglingslandslíði 18 ára og yngri í körfuknattleik og þátttöku í Norðurlandamóti í Svíþjóð í maí n.k. Samkvæmt samningi milli Húnaþings vestra og USVH greiðir Húnaþing vestra fjármuni í afreksmannasjóð sambandsins og þess vegna er bréfitara bent á að senda erindi sitt til USVH.
4. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 7. maí 2009, þar sem hann óskar umsagnar sbr. 10 gr. laga nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði, vegna umsóknar Valgerðar F. Baldursdóttur f.h. Veiðihúsa ehf. um endurnýjun leyfis til að reka gistiheimili að Tjarnarbrekku í Húnaþingi vestra. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
5. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 7. maí 2009, þar sem hann óskar umsagnar sbr. 10 gr. laga nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði, vegna umsóknar Jóhanns Albertssonar f.h. Gauksmýrar ehf. um endurnýjun leyfis til að reka gististað að Gauksmýri í Húnaþingi vestra. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
6. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 7. maí 2009, þar sem hann óskar umsagnar sbr. 10 gr. laga nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði, vegna umsóknar Tryggva Guðmundssonar f.h. Flugleiðahótelis ehf. um endurnýjun leyfis til að reka Hótel Eddu, Laugarbakka í Húnaþingi vestra. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

GFÞ p. K. E. HFG ER

7. Skrifstofustjóri lagði fram styrkumsóknir frá félögum og félagasamtökum til greiðslu fasteignaskatts árið 2009. Samþykkt að veita eftirtöldum styrki til greiðslu fasteignaskatts skv. reglum sveitarfélagsins, Björgunarsveitin Húnar vegna Höfðabrautar 30 og Reykjaborgar, Hvammstangakirkja vegna safnaðarheimilis, Melstaðarkirkja vegna safnaðarheimilis, Kvenfélagið Ársól v/kaffiskúrs við Þverárrett og Hestamannafélagið Þytur vegna dómara-og aðstöðuhúss í Kirkjuhvammi.
- Samþykkt að taka á dagskrá:
8. Lagt fram til kynningar fundarboð á kynningarfund um stöðu mála varðandi fyrirhugaða stækkun á verknámshúsi FNV. Fundurinn verður haldinn á Blönduósi miðvikudaginn 20. maí n.k.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:25

Guðni Helgi Ólafsson
Þóttur Þóttur
Blasinn Ágústsson
Aheyrnarfulltrúi:
Ólafur Sigurðsson

Guðni Ólafsson